

7.fundur hreppsnefndar Árneshrepps, haldinn miðvikudaginn 2.júlí 2025 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru til fundar; Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossadal Melum 1, Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2, Delphine Briois Kjörvogi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti óskaði samþykkis um að tekin yrðu aukalega til meðferðar 3 mál sem ekki voru komin til þegar fundarboðið var sent út. Þetta var samþykkt og verða þau mál tekin fyrir sem mál nr. 7, 8, og 9. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá;

1. Sorpmál, samantekt varðandi málið. Hjörleifur Finnsson kemur á fjarfund kl. 15:00. Einnig fjallað um væntanlega heimsókn frá Sorpsamlagi Strandasýslu síðar í vikunni.
2. Samvinna við Orkubú Vestfjarða varðandi lagningu þriggjafasa strengs og ljósleiðara í sumar.
3. Vega- og samgöngumál, slitlag, bílateljarar, heflun og fleira.
4. Sjóvörn í Djúpavík, framkvæmdaleyfi.
5. Finnbogastaðaskóli, staðan mála og framhaldið.
6. Staðan á Melarétt, finna smíði til viðgerðar.

Dagskrá;

1. Sorpmál, samantekt varðandi málið. Einnig fjallað um væntanlega heimsókn frá Sorpsamlagi Strandasýslu síðar í vikunni. Vonast er til að menn frá Sorpsamlaginu komi til fundar við okkur á morgun. Hugmynd að breytingu í vikinni verður skoðuð og samþykkt að bæta verulega úr málum. Ennfremur þarf að herða verulega á allri umgengni við höfnina í Norðurfirði og koma upp gerði fyrir öll efni sem heyra undir mismunandi úrgang. Ákveðið var að setja upp járnagáma á tveim stöðum, í Djúpavík og Norðurfirði. Hjörleifur Finnsson kom inn á fundinn kl. 15:00 og fór yfir hver væri skylda sveitarfélaga varðandi sorphirðu. Sveitarfélögum ber að taka sorp frá heimilum gegn sorphirðugjöldum, fyrirtæki eru þar ekki meðtalin en er þó heimilt að sveitarfélög sinni þeim einnig. Besta leiðin til að minnka kostnað er að minnka úrgang og þannig fækka ferðum sorpbíla. Ákveðið var að senda upplýsingar á öll heimili og sumarhús og brýna fyrir íbúum betri umgengni og flokkun. Lögð verði áhersla á þann kostnað sem getur sparast ef við leggjum okkur fram.
2. Samvinna við Orkubú Vestfjarða varðandi lagningu þriggjafasa strengs og ljósleiðara í sumar. Komið er á hreint að farið verður með þriggja fasa streng og ljósleiðara norður að

Felli á þessu sumri. Hreppsnefnd leggur áherslu á að sem fyrst verði lagt rafmagn að nýjum húsum í Norðurfirði.

1. Vega- og samgöngumál, slitlag, bílateljarar, heflun og fleira. Ákveðið var að skrifa Vegagerðinni vegna beiðni um malbik í botni Norðurfjarðar, við Norðurfjarðahöfn, og við Kjörvog. Einnig samþykkti hreppsnefnd að biðja um umferðarteljara á nokkrum stöðum inn í sveitina og innan hennar, ásamt því að fá sjálfvirka veðurstöð með myndavél á Veidileysuháls, sem er mikið öryggisatriði fyrir fólk yfir vetrartímann.
2. Sjóvörn í Djúpavík, framkvæmdaleyfi. Oddviti kynnti málið fyrir hreppsnefnd og var framkvæmdaleyfið samþykkt.
3. Finnbogastaðaskóli, staðan mála og framhaldið. Sigrún Sverrisdóttir kom á fundinn fyrir hönd skólanefndar og fór yfir stöðuna. Umsækjendur eru tveir og mæta í viðtal við skólanefnd í lok vikunnar. Hreppsnefnd samþykkir að skólanefnd vinni áfram eftir þeim leiðum sem kynntar voru á fundinum.
4. Staðan á Melarétt, finna smíði til viðgerðar. Ákveðið var að skoða málið með bændum eftir slátt.
5. Ákvörðun varðandi endurnýjun á Aðalskipulagi Árneshrepps. Hreppsnefnd ákvað að taka tilboði Verkís ehf um endurskoðun Aðalskipulags Árneshrepps og mun tilkynna þeim þessa ákvörðun.
6. Umræður um sameiningarmál. Ákveðið er að stefna að næsta fundi seinni partinn í júlí og munu hreppsnefndarmenn vera í sambandi sín á milli og hugmyndir og væntingar varðandi málið.
7. Slökkvikerran sem keypt hefur verið þarf að komast hingað sem fyrst. Björgunarsveitin þarf að taka ákvörðun um hvenær þau geta tekið þátt í námskeiði sem búið er að greiða fyrir.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:20